

Aðalfundur Foreldraráðs Verzlunarskóla Íslands

9. September 2014 kl. 20

Formaður foreldraráðsins, Elín Thorarensen setti fundinn og samþykkti fundurinn að Sigurður Örn Eiríksson yrði fundarstjóri og María Björk Óskarsdóttir fundarritari.

Dagskrá:

- 1) Hefðbundin aðalfundarstörf
- 2) Kynning á NFVÍ
- 3) Líðan nemenda í framhaldsskólum – Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknnum og greiningu skýrir frá niðurstöðum nýrrar rannsóknar.

Hefðbundin aðalfundarstörf:

1. Skýrsla stjórnar:

Elín Thorarensen fór yfir skýrslu stjórnar um störf hennar og starfsemi félagsins síðasta árið m.a. fundum félagsins, bæði stjórnarfundum og með skólastjórnendum.

Ítrekaðar voru þær lagabreytingar sem tóku gildi á árinu en jafnframt sagt frá þeim hindrunum sem stóðu í vegi fyrir því að valfrjálsu gjöldin komu til framkvæmda. Sagt var frá því að þau verða send út á næstu dögum og koma í heimabanka foreldra ólöggráða nemenda en foreldrar eldri nemenda eru hvattir til að greiða þau líka og verða upplýsingar settar inn á FB síðuna. Vonast er til að foreldrar taki vel í að greiða foreldrafélagsgjöldin en tilgangur þeirra er að skapa fjárhagslegt svigrúm fyrir fyrirlesurum á fundum, útlögðum kostnaði í ballgæslu o.fl.

Ballgæslan er stór hluti af starfi foreldraráðsins og lagt til að sem flestir foreldrar prófi en gæslan hefur haft mjög jákvæð áhrif og böllin í Ví almennt gengið mjög vel. Sömuleiðis er gríðarlega mikilvægt að foreldrar séu til staðar í fyrirpartíunum og bjóði ekki áfengar veitingar. Hjálpi krökkunum sömuleiðis að halda partí til að forðast það að yngri árangar séu í partíum með eldri bekkjum.

Fésbókarsíða foreldraráðsins er notuð til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra og eru foreldrar hvattir til að nýta sér hana og vera virkir sömuleiðis.

Ekki voru gerðar athugasemdir við skýrslu stjórnar og hún samþykkt með lófaklappi.

2. Endurskoðaðir ársreikningar:

Þessi liður var felldur niður þar sem ekki var nein fjárhagsleg umsýsla á síðasta ári.

3. Lagabreytingar:

Engar tillögur þess efnis.

4. Kosning stjórnar:

Þó nokkrar breytingar verða á stjórninni fyrir næsta starfsár en Elín Thorarensen, Unnur Ingólfssdóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Lena Lenharðsdóttir og Auður Einarsdóttir gefa ekki kost á sér áfram og var þeim þökkuð vel unnin störf.

Þórdís Guðmundsdóttir, Díana Arnfjörð og Sigurður Örn Eiríksson munu hins vegar halda áfram auk þess sem fjölmargir hafa boðið sig fram í stjórn foreldraráðsins. Kosið er til 2ja ára í senn.

Nýir í stjórn foreldraráðsins eru:

Brynja Björg Bragadóttir 5. bekkur, Guðjón Atlason 3. bekkur, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson 3. bekkur, Helga María Rúnarsdóttir 5. bekkur, Helga Sverrisdóttir 3. bekkur, María Björk Óskarsdóttir 3. bekkur, María Fjóra Pétursdóttir 3. bekkur, María Jónasdóttir 3. Bekkur, Sesselja Tómasdóttir 3. bekkur, Svandís Sturludótti 5. bekkur, Sæunn Gísladóttir 3. Bekkur og Þórður Þórkelsson 6. bekkur .

Allir frambjóðendur voru samþykktir einróma og er því ljóst að stjórnin foreldraráðsins verður afar fjölmenn og vel skipuð næsta árið sem er mjög jákvætt enda í alla staði betra að hafa fleiri en færri. Allir stjórnarmenn verða boðaðir á alla fundi þó eingöngu sé skylda að hafa 5 til að fundur sé löglegur.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga:

Guðný Rósa Þorvarðardóttir og Eyrún Baldvinsdóttir gefa áfram kost á sér sem skoðunarmenn og var það samþykkt með lófaklappi.

Hefðbundnum aðalfundarstörfum lokið og fundi því slitið en dagskrá kvöldsins hélt áfram.

Kynning á NFVÍ

Hlé og hlaðborð sem var afar glæsilegt en fjölmargir foreldrar lögðu til veitingar

Líðan nemenda í framhaldsskólum – fyrirlestur Margrétar Lilju Guðmundsdóttur sem sagði frá áhugaverðum niðurstöðum og urðu miklar umræður í kjölfarið.

Rúmlega 40 foreldrar sátu fundinn

Verzlunarskólinn, 9. September 2014

María Björk Óskarsdóttir

fundarritari